

## Aðgreining vorblóma (Brassicaceae: *Draba*) á Íslandi

Gróa Valgerður Ingimundardóttir,<sup>1</sup> Kesara Anamthawat-Jónsson,<sup>2</sup> Hörður Kristinsson<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, Borgum við Norðurlóð, 602 Akureyri

<sup>2</sup> Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

[gogo@ni.is](mailto:gogo@ni.is)

Til eru um 350 tegundir vorblóma (*Draba*) í heiminum en þau tilheyra krossblómaætt (Brassicaceae). Á Íslandi eru vorblóm útbreidd en strjál og sum eru mjög sérvitur á búsvæði. Það getur verið miklum erfiðleikum bundið að greina vorblóm til tegunda og eru menn ekki á eitt sáttir þegar kemur að skiptingu ættkvíslarinnar. Aðeins átta vorblómategundir eru skráðar á Íslandi en sú tegund sem valdið hefur hvað mestum heilabrotum hérlendis er hagavorblóm (*D. norvegica*). Það er mjög sundurleit tegund sem samanstendur mögulega af fleiri en einni tegund.

Litningatala vorblóma er nokkuð breytileg milli tegunda en fjöllitnun er algeng innan ættkvíslarinnar. Tegundir eru taldar blandast nokkuð auðveldlega og margt er enn á reiki hvað snertir uppruna og skyldleika þeirra.

Til að greina í sundur þau vorblóm sem finnast á Íslandi var plöntum og fræjum safnað frá sem flestum stöðum og reynt var að hafa plönturnar sem fjölbreyttastar í útliti. Plönturnar hafa bæði verið greindar til tegunda eftir norskum greiningalykli en allar þær tegundir sem skráðar eru á Íslandi finnast einnig í Noregi. Jafnframt hafa plönturnar verið hópaðar saman eftir öðrum útlitseinkennum og þau sett upp í greiningalykil í forritinu DELTA (DEscription Language for TAXonomy). Enn er verið að vinna að litningatalningu á þeim hópum sem safnað var.